

Nd.

### 273. Nefndarálit

um frumvarp til laga um viðauka við tolllög fyrir Ísland 11. júlí 1911.

Frumvarpið fer því fram, að lagður sje 10% verðtollur á hverskonar vefnaðarvöru og tilbúinn fatnað, og gerir millipinganevndin frá 1911, sem frumvarp þetta stafar frá, ráð fyrir að innkaupsverð nefndra vara muni árlega nema um 1½ miljón kr. Ætti brúttóhæð tollsins eftir því að nema um 150,000 kr. á ári, en frá nýnefndri upphæð býst millipinganevndin við að draga megi um 20,000 kr. á ári til tollestirlits: Og næmi nettóhæð tollsins þá ekki nema 130,000 kr. á ári. Millipinganevndin gerir ráð fyrir því, að tollurinn mundi leiða til 15% hækkunar á útsöluverði hinna tollskyldu vara.

Tollurinn á að leggjast á *allá vefnaðarvöru* með sárafáum og óverulegum undantekningum og á *allan* tilbúinn *fatnað* undantekningarlaust, á höfuðfatnað, skófatnað, nærfatnað, íverufatnað, yfirhafnir og hverskonar hlífarföt á sjó og landi, svo og á hvað annað fatakins, er maður ber á sjer.

Nú er það kunnugt, að meginþorri aðfluttrar vefnaðarvöru og nálega allur aðfluttur tilbúinn fatnaður er notaður við sjávarsíðuna. Tollurinn lenti því, eins og öll skattánymæli millipinganevndarinnar, aðallega á sjávarmönnum, og það mjög svo tilfinnanlega. Slitföt þau (molskinnsfatnaður), er verkamenn í Reykjavík brúka mest, kvað kosta um 8 kr., venjulegur klæðnaður almennings um 30 kr. og skór um 8 kr. Þessi almenningsfatnaður kvað mestmegnis vera keyptur tilbúinn. Sje nú miðað við áætlaða framfærslu millipinganevndarinnar á útsöluverði, mundu 8 kr. verða að 9 kr. 20 a., 30 kr. að 34 kr. 50 a., og næmi það ekki lítilli upphæð fyrir fátæka fjölskyldu.

Til tollestirlits gerir millipinganevndin að ganga muni um 13% af brúttó-tollinum, og vill fela það *sjerstaklega launuðu tolliði*. Í Reykjavík á að vera fast-launaður tollstjóri auk nokkurra meðhjálpara, er sjeu launaðir með hundraðsgjaldi, og utan Rvíkur á að brúka 10% af tollinum til meðhjálpar lögreglustjór-um, auk 2% þeim sjálfum til handa. Nú kostar tollestirlitið landssjóð ekki nema 2%. Hið nýja tollestirlit yrði þannig þegar í byrjun meira en 6 sinnum dýrara. Auk þess er viðbúið, að upp úr hinum tiltölulega mjóa vísi yxi mikil sveit toll-embættismanna, en með því móti hlyti mikill hluti tollteknanna, sem landssjóður

hefir aðallega lifað á, að ganga til þurðar. Loks er fyrirsjáanlegt, að tollestírlit það sem frumvarpið byggir á, mundi *ekki koma að tilætluðum notum*.

Þá mundu hinar áætluðu hreinu tekjur, um 130,000 kr. á ári, *hvergi nærri hrökkva* til brýnustu þarfar, eftir því sem hin nýja stjórn telur hana vera.

Loks væri frumv., nú er samþykkt er í deildinni frumv. um allsherjar verðtoll, *allsendis óþarft*, þótt óskaðlegt væri og aðgengilegt að öðru leyti.

Nefndin ræður því í einu hljóði háttv. deild til að fella tollviðauka-frumvarpið.

Neðri deild Alþingis 15. ág. 1912.

Eggert Pálsson,  
formaður

Lárus H. Bjarnason,  
skrifari og framsögum.

Bjarni Jónsson, frá Vogli.

Björn Kristjánsson.

Jón Ólafsson.

Valtýr Guðmundsson.

Þessu nefndaráliti er jeg samþykkur í öllum aðalatriðum.

Pjetur Jónsson.